

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Selfossi, 12. maí 2020  
2004159

**Efni: Þórustaðanáma. Áframhaldandi efnistaka úr Ingólfsfjalli í landi Kjarrs –  
Frummatsskýrsla.**

Skipulagsstofnun hefur, með erindi dags. 17. apríl 2020, óskað eftir umsögn Sveitarfélagsins Árborgar á ofangreindri frummatsskýrslu skv. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í skýrslunni eru metin umhverfisáhrif áframhaldandi efnistöku í Ingólfsfjalli í Ölfusi. Skýrslan lýsir framkvæmdinni og metur umhverfisáhrif með áherslu á valda umhverfisþætti. Niðurstöður lýsa óverulegum áhrifum á 4 af 5 umhverfisþáttum sem áhersla var lögð á. Heildarniðurstaða skýrslunnar er að framkvæmdin mun hafa óveruleg umhverfisáhrif í heild.

Vatnsból Sveitarfélagsins Árborgar eru skammt frá efnistökusvæðinu sem um ræðir, og því talsverðir hagsmunir í húfi fyrir íbúa sveitarfélagsins. Frummatsskýrslan nefnir að grunnvatn berist vafalítið í vatnsbólið frá Skriðkeilunni í Djúpadal, og að Þórustaðanáma er mjög nálægt þeim mörkum sem eðlilegt væri að skilgreina sem vatnsverndarsvæði.

Sveitarfélagið Árborg bendir á nauðsyn þess að nánar verði rannsökuð áhrif framkvæmdarinnar á ofangreind vatnsból með vísan til hagsmuna íbúa sveitarfélagsins. Að auki bendir sveitarfélagið á ærið tilefni til viðhafa vöktun á þessum áhrifum til framtíðar.

Sveitarfélagið Árborg leggur til að hluti af mótvægisáðgerðum framkvæmdarinnar verði í formi vel skilgreindra og öruggra gönguleiða í grenndinni við framkvæmdasvæðið, enda væri það til þess að lágmarka áhrif framkvæmdar á útvist og breytingu ásynðar Ingólfsfjalls.

Virðingarfyllst,

---

Sigurður Andrés Þorvarðarson  
skipulagsfulltrúi